



Ferlimál

Samþykkt fyrir ferlinefnd

1. grein

Ferlinefnd starfar, í umboði sveitarstjórnar, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

2. grein

Í ferlinefnd eiga sæti 4 fulltrúar, þrjár sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps – og einn sem Sjálfsbjörg tilnefnir. Á sama hátt eru kjörnir jafnmargir fulltrúar til vara.

Á fyrsta fundi nefndarinnar kýs nefndin sér formann, varaformann og ritara.

3. grein

Ferlinefnd skal móta stefnu í ferilmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til sveitarstjórnar sem varða verksvið hennar. Hún er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum sem varða málefni fatlaðra ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt hinna fötluðu. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar að aðgerðum innan sveitarfélagsins þegar, að mati nefndarinnar, er talin þörf á.

4. grein

Aðalverksvið ferlinefndar er að sjá um og stuðla að því að allar opinberar byggingar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu, svo og götur og gangstéttir séu aðgengilegar hreyfihömluðu fólki, einnig sjónskertum og öðrum hópum með sérþarfir.

Að upplýsa fólk um að gott aðgengi utandyra sem innan er í þágu allra íbúa, t. a. m. göngu- og hjóltreidastíga fyrir þá sem vilja njóta útivistar. Þar má nefna aukið öryggi allra vegfarenda ekki síst barna og aldraðra.

Ferlinefnd kemur að málefnum annarra nefnda sveitarfélagsins, nefnda sem fjalla um umhverfismál, skipulags- og byggingarmál – vinnur sameiginlega að verkefnum sem skarast á starfssviði þessara nefnda.



5. grein

Formaður ferlinefndar boðar til funda, stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Sveitarstjóra er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt getur nefndin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni.

6. grein

Ferlinefnd heldur að lágmarki fundi ársfjórðungslega. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns.

Fundir ferlinefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra nefndarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef þrír nefndarmanna mæta til fundar. Engin bindandi ályktun er gerð nema fundur sé lögmætur.

Nefndin skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitji hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritari kemur fundargerðum á skrifstofu sveitarstjóra þar sem gengið er frá henni og hún lögð fram með dagskrá næsta fundi hreppsnefndar.

7. grein

Um hæfi ferlinefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarskóp sveitarstjórnar.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna skv. lögum eða eðli máls.

8. grein

Við meðferð mála hjá ferlinefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ferlinefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Ákvarðanir skulu þá teknar svo skjótt sem við verður komið eftir að mál hefur verið nóg samlega upplýst.



Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir nefndinni áður en ákvörðun er tekin, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Ákvörðun ferlinefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur. Einnig skulu fylgja upplýsingar um kær- og endurupptökuheimild og fresti til athafna.

9. grein

Ferlinefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði hennar ef þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Aðrar afgreiðslur hennar þurfa að hljóta samþykki sveitarstjórnar.

10. grein

Endurupptaka er heimil innan þriggja vikna frá því að aðili máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðun ferlinefndar – og beina þá kröfu sinni til sveitarstjórnar.

Aðila máls heimilt að kæra ákvörðun ferlinefndar til æðra stjórnvalds sem við á, til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Staðfest í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2011.